

Fimmtudaginn 30. desember 1948.

Nr. 12/1948. **Ólafur Friðriksson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)  
 gegn  
**Alþýðusambandi Íslands f. h.**  
**Verkamannafélagsins Þórs á Selfossi** (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verkalýðsfélagi.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. þ. á., af Ólafi Friðrikssyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Eru dómkröfur stefnanda þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest, lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða 25. nóv. s. l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Umboðsmaður stefnanda fékk þá frest til þess, að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið þá dómtekið eftir kröfu hans.

Stefnandi hefur átt heima á Selfossi og stundað þar ýmsa vinnu s.l. þrjú ár. Fyrst vann hann verkamannavinnu við húsabyggingar, en síðan hefur hann oftast unnið á bifreiðaverkstæði á Selfossi. Upphaflega vann hann með borvél, en frá því í sumar hefur vinna hans verið fólgin í því, að rétta hjólhlífur á bifreiðum. Á þessu ári hefur stefnandi tvisvar sinnum horfið frá vinnu sinni á bifreiðaverkstæðinu og unnið að því að vigta vörur hjá Kaupfélagi Árnesinga. Kaup stefnanda á bifreiðaverkstæðinu og við vigtun varanna var nokkru nærri en lágmarkskaup verkamanna, svokallað „gervismiðkaup“. Stefnandi hefur ekki hlotið aðra menntun en barna-

skólafræðslu og ekki öðlazzt iðnpróf né réttindi í neinni iðngrein.

Hinn 15. september s.l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Kom stefnandi á fund þenna. Afhenti hann þá formanni félagsins skriflega beiðni um inntöku í félagið. Formaður félagsins bar inntökubeiðnina ekki upp á fundinum og fékk stefnandi ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að fá inngöngu í verkamannafélagið Þór og hafi það gerst brotlegt við nefnda lagagrein með því að neita honum um félagsréttindi.

Í greinargerð sinni byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé aðeins stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því af þeim sökum aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu, er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra vinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið, og sé engin heimild fyrir hendi til þess að dæma honum félagsréttindi. Þá mótmælti stefndi því sérstaklega, að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykktu verkamannafélagsins Þórs er tilgangur félagsins sá „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma,“ svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins.“ Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona,“ ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar annarsvegar eru virt þessi ákvæði samþykktanna og hinsvegar litið til atvinnu stefnanda, sem að framan er greind, verður að telja, að hann eigi heima í hópi þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum samþykktu verkamannafélagsins Þórs á rétt til inngöngu í félagið. Synjun forráðamanna félagsins um að veita stefnanda félagsréttindi er því andstæð ákvæðum 1. málsl. 2. gr. laga nr. 80/1938 og er stefnda sam-

kvæmt þessu skylt að veita stefnanda full og óskoruð félagsréttindi, en ekki standa efni til þess, að honum verði dæmd þau frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

#### Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Ólafi Friðrikssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem fastur starfsmaður á bifreiðaverkstæði og í verzlun hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningar um kaup og kjör bifreiða-viðgerðarmanna og starfsmanna við verðlanir falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

#### Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Friðrikssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.